

**Ed.**

**829. Frumvarp**

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Tekju- og eignarskattur álagður 1933 innheimtist með álagi samkvæmt  
**2. gr. þessara laga.**

2. gr.

Tekjuskattur að upphæð 22 kr. að 72 kr. innheimtist með 40% álagi.

—	—	—	72	—	—	162	—	—	—	50%	—
—	—	—	162	—	—	292	—	—	—	60%	—
—	—	—	292	—	—	462	—	—	—	70%	—
—	—	—	462	—	—	922	—	—	—	80%	—
—	—	—	922	—	og þar yfir	—	—	—	—	100%	—

Eignarskattur innheimtist með 100% álagi.

Hjá félögum skal þó álag þetta aldrei vera hærra en svo, að samanlagður skattur þeirra samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74 27. júní 1921, og viðbótarskattur samkvæmt lögum þessum nemi jafnri upphæð og einstaklinga með sömu tekjur.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.